



Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2023, fimmtudaginn 26. október kl. 10.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 6. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson

Fundarritari var: Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Bríetartún 3-5 –stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Bríetartún 3-5 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

2. Sóltún 6 - Gangbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að göngupverun við Sóltún 6 verði merkt sem gangbraut

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt



Reykjavíkurborg

Fundi slitið kl. 10.11

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Bríetartún 3-5 –stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að tvö bifreiðastæði við Bríetartún 3-5 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Lagt er til að tvö bifreiðastæði við hús Frímúrarareglunnar í Reykjavík verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Þessi ráðstöfun er liður í því að bæta aðgengi að húsinu og svæðinu í kring.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu stæðanna



Reykjavíkurborg





TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun við Sóltún 6 verði merkt sem gangbraut

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Í Sóltúni 6 hefur um árabíl verið starfandi grunn- og leikskólinn Waldorfskólinn Sólstafrir. Ekki hefur verið gengið frá lóð með fullnaðarfrágangi, en hefur skólinn óskað eftir því að gengið verði engu að síður frá borgarlandi við lóðarmörk. Í bæði deiliskipulögum Kirkjutúns og Ármannsreits eru sýnd gönguþverun yfir Sóltún við vesturhluta lóðar skólans. Eins og gefur að skilja út frá staðsetningu þverunarinnar við skólann er hún töluvert notuð af börnum á leið í og úr skóla, og myndi gangbraut á þessum stað gefa skólabörnum forgang við þverun yfir götuna. Hámarkshraði á Sóltúni er 30 km/klst og ÁDU er undir 4000, en sökum nálægðar við skóla er lagt til að þverunin verði merkt sem gangbraut.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri gangbraut merktri inn á.

